

REGLUR

um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda um varfærniskröfur fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um ferli eftirlitsstjórnvalda við töku sameiginlegra ákvarðana um varfærniskröfur fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Sameiginlegar ákvarðanir.

Um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda um varfærniskröfur fjármálafyrirtækja skv. 109. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, fer eftir reglugerð (ESB) nr. 710/2014, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 710/2014 frá 23. júní 2014 um tæknilega framkvæmdastaðla að því er varðar skilyrði fyrir beitingu sameiginlegra ákvörðunarferilsins vegna varfærnis krafna er varða tilteknar stofnanir, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 710/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32014R0710>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 188, þann 27. júní 2014, bls. 19-59.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 13. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast gildi 1. júlí 2022.

Seðlabanka Íslands, 29. júní 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri.